

TILLAGA

að starfsreglum um biskupsstofu.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af löggjafarnefnd.
Frsm. Þorgrímur Daníelsson.

Staða og grundvöllur í stjórnkerfi kirkjunnar

1. gr.

- Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands og er biskup forstöðumaður hennar.
- Biskupsstofa er jafnframt þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar sem veitir sóknum, sjóðum, stofnunum og starfseiningum hennar ýmsa þjónustu.
- Biskupsstofa annast almennt fyrirsvar vegna þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar, samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir svo og erlend samskipti.
- Um starfsemi biskupsstofu fer eftir gildandi ákvæðum laga og starfsreglna á sviði kirkjumála og laga um starfsemi opinberra stofnana hverju sinni.

Stjórn, ábyrgð, staðsetning og þjónusta

2. gr.

- Biskup Íslands veitir biskupsstofu forstöðu og ber ábyrgð á því að starfað sé í samræmi við lög og reglur.
- Biskup stýrir rekstri og faglegri starfsemi biskupsstofu samsvarandi og forstöðumenn stofnana ríkisins sbr. lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.

3. gr.

- Biskup ber ábyrgð á framkvæmd verkefna biskupsstofu hvort sem hann getur framselt þau til vígslubiskupa eða undirmanna sinna til umsýslu eða þarf lögum samkvæmt að annast þau sjálfur.
- Biskup mótar stefnu stofnunarinnar, forgangsraðar verkefnum og setur stofnuninni skipurit.

4. gr.

- Biskupsstofa er í Reykjavík geta kirkjuþing og kirkjuráð, þ.m.t. fasteignasvið, haft þar aðsetur og notið þar þeirrar þjónustu sem þörf á.
- Biskupsstofa veitir kirkjulegum stofnunum og sóknum þjónustu eftir nánara samkomulagi þar að lútandi. Gera skal skriflega samninga um þá þjónustu sem biskupsstofa veitir.

Helstu starfsþættir og starfssvið

5. gr.

- Biskupsstofa annast þau verkefni biskupsþjónustunnar sem eru á sviði helgihalds og kirkjutónlistar, fræðslumála, kærleiksþjónustu, þ.m.t. faglegra forystu á sviði ráðgjafar í fjölskyldumálum, guðfræði- og þjóðmála, upplýsingamála og samkirkjutengsla.

6. gr.

- Biskupsstofa annast lögbundin verkefni er varða kirkjuna á sviði stjórnsýslu- og fjármála.
- Biskupsstofa gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina sem skal hljóta staðfestingu kirkjuráðs og kynnt kirkjuþingi.

□Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald sjóða samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum svo og annarra sjóða þar sem svo er mælt fyrir um í skipulagsskrám eða öðrum heimildum.

7. gr.

■Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins.

Starfsmannahald

8. gr.

- Biskup skipar presta og annast biskupsstofa starfsmannamál þeirra, þar með talið launagreiðslur, greiðslur embættiskostnaðar og önnur starfsmannamál.
- Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn sviða, fulltrúa og aðra starfsmenn og setur þeim starfslýsingu.
- Biskupsstofa hefur umsýslu með námsleyfum presta og starfsmanna biskupsstofu.
- Biskupsstofa skipuleggur handleiðslu presta og djákna í samvinnu við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Starfsþjálfun

9. gr.

■Biskupsstofa skipuleggur og hefur umsýslu með starfsþjálfun guðfræðikandídata og djáknanema og hefur samstarf um það við Háskóla Íslands eða aðra viðurkennda háskóla eða guðfræðiskóla.

10. gr.

Gildistaka.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

Athugasemdir við tillögu þessa.

I. Inngangur

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum. Grundvallarhlutverk biskupsembættisins hefur ávallt verið tilsjón með starfi kirkjunnar og eftirlit. Í tímans rás hefur hlutverk biskupsembættisins aukist ekki hvað síst þegar megnið af verkefnum þáverandi dóms- og kirkjumálaráðuneytis var fært til kirkjunnar árið 1994 og svo aftur árið 2007 þegar veitingarvald vegna prestsembætta færðist á hendur biskups Íslands frá ráðherra. Til þess m.a. að sinna þeim þjónustuskyldum sem á biskupsembættinu hvíla starfsrækir biskupsembættið skrifstofu sem nefnist biskupsstofa. Biskupsstofa er þannig eitt af starfstækjum biskupsþjónustunnar. Biskupsstofa er formbundin skipulagsheild, -þjónustustofnun/miðstöð - sem mynduð er af starfslíði og öðrum auðlindum undir stjórn biskups Íslands. Allt starf sem unnið er á biskupsstofu er þannig unnið í nafni og á ábyrgð biskupsembættisins.

II. Grundvöllur og rekstrarform

Mælt er fyrir um helstu skyldur og verkefni biskupsembættisins og biskupsstofu í ýmsum sérlögum, einkum lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þá er að finna ákvæði um biskupsstofu sömuleiðis á a.m.k. fjórum stöðum í núgildandi lögum. Biskupsembættið ber ábyrgð á að lögboðnum verkefnum og þjónustuskyldum sé sinnt. Í „Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015“ segir um stöðu biskupsembættisins og biskupsstofu:

„Biskup Íslands er skipaður af forseta Íslands og telst embættismaður í skilningi laga nr. 70/1996. Ekki verður talinn vafi leika á því að biskupinn telst til stjórn-sýslu ríkisins, að minnsta kosti að því leyti sem honum er falið að sinna opinberum og lögmæltum verkefnum. Af því leiðir ennfremur að embættisskrifstofa hans, biskupsstofa, telst til þeirra opinberu stofnana sem taldar eru stjórnvöld að íslenskum lögum.“

Það leiðir enn fremur af þessari skilgreiningu á biskupsstofu að um stofnunina gilda öll þau almennu lög sem taka til starfsemi ríkisstofnana, þ.e. sem varða skyldur þeirra, fjárreiður, málsmeðferð og eftirlit. Framsetning á fjárlögum er sambærileg og hvað varðar aðrar opinberar stofnanir. Ríkisendurskoðun lítur eftir og endurskoðar fjárreiður biskupsstofu, Umboðsmaður Alþingis hefur sömuleiðis eftirlit með henni og um starfsemi hennar gilda stjórn-sýslulög nr. 37/1993 og upplýsingalög nr. 140/2012. Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 gilda um biskupsstofu og er stofnunin aðili að rammameningum Ríkiskaupa. Biskup Íslands er forstöðumaður stofnunarinnar m.a. í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Hann ákvarðar því skipulag stofnunarinnar, forgangsöröðun verkefna, mannahald þ.m.t. ráðningu starfsmanna, ráðstöfun mannafla og annarra auðlinda stofnunarinnar og ber ábyrgð á að lögboðnum verkefnum og þjónustuskyldum sé sinnt. Er því ljóst af því sem sagt hefur verið að biskupsembættið og þar með biskupsstofa grundvallast á lögum.

Hafa ber í huga að ýmsum skyldum sem fylgja þjónustu biskups Íslands er sinnt utan biskupsstofu, t.d. í Dómkirkjunni í Reykjavík, heimakirkju biskups.

III. Verkefni Biskupsstofu

Verkefni biskupsþjónustunnar eru skilgreind í meginatriðum í

a) settum lögum,

b) starfsreglum og stefnumörkun kirkjuþings og ályktunum.

Auk þess tekur biskup sem forstöðumaður stofnunarinnar ákvarðanir um einstök mál og verkefni sem undir biskupsþjónustuna heyra.

Biskupsstofa er annars vegar þjónustumiðstöð fyrir þjóðkirkjuna og og hins vegar lögformleg stjórn-sýslustofnun eins og áður er rakið. Ekki er alltaf auðvelt að skilja þar á milli. Starfsemi og þjónustustig biskupsstofu tekur eðlilega mið af þeim auðlindum í formi fjár, mannafla og annars sem til ráðstöfunar er hverju sinni.

Biskupsstofa hefur almennt fyrirsva vegna þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar og annast samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir innanlands svo og almenn erlend samskipti. Hún hefur einnig með höndum þjónustuhlutverk við stofnanir kirkjunnar. Í álitserð lögfræðinganna Eiríks Tómassonar og Þorgeirs Örlygssonar frá 1999 um hvert væri valdsvið og verkefni kirkjuþings annars vegar og kirkjuráðs hins vegar er viðfangsefnum þjóðkirkjunnar skipt í grófum dráttum í tvo flokka; annars vegar andleg málefni og hins vegar í veraldlega stjórn-sýslu. Sjá 3. kafla álitserðarinnar: *Tvíþætt viðfangsefni þjóðkirkjunnar*.

Verkefnum biskupsstofu má með sama hætti skipta í tvo sams konar meginflokka.

Biskupsstofa sinnir málefnum á sviði guðfræði og þjóðmála, kirkjutónlistar og helgihalds, fræðslu, líknarþjónustu o.fl., einkum hvað varðar sameiginlega þætti fyrir alla kirkjuna, þ.e. með almennri leiðsögn, samræmingu, almennum stuðningi, upplýsingamiðlun og margvíslegri tengdri stoðþjónustu á þessum sviðum við sóknir, presta o.fl. Þá er veigamikill þáttur í starfinu samskipti og upplýsingamiðlun. Biskupsstofa annast um starfsþjálfun djákna- og prestsefna.

Þá sinnir biskupsstofa veraldlegri stjórn-sýslu, s.s. fjármálaumsýslu og stjórn, þ.m.t. reikningshaldi sjóða, starfsmannahaldi vegna presta og starfsmanna biskupsstofu o.fl. Þá annast biskupsstofa um launaumsýslu presta, starfsmanna biskupsstofu og tiltekinna kirkjulegra stofnana annarra. Enn fremur sinnir biskupsstofa margvíslegri almennri

stoðþjónustu s.s. með starfrækslu skjalasafns, upplýsingatæknikerfa, þ.m.t. tölvupóstþjónustu og hýsingu og rekstri heimasíða.

Biskupsstofa annast um reikningshald Kristnisjóðs, sbr. lög um Kristnisjóð nr. 35/1970, Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. lög um sóknargjald o.fl. nr. 91/1987 og kirkjumálasjóðs, sbr. lög um kirkjumálasjóð nr. 138/1993. Einnig sjóða samkvæmt viðeigandi skipulagsskrám.

Biskupsstofa annast um innheimtu afgjalds presta, vígslubiskupa og biskups Íslands vegna embættisbústaða.

Nánar um verkefni á biskupsstofu

1. Þjónustusvið

Meðal málaflokka sem heyra undir sviðið eru:

- Fræðsla
- Kærleiksþjónusta
- Samskipti og upplýsingamiðlun
- Starfsþjálfun djákna- og prestsefna

2. Mannauðssvið

Starfsmannamál eru umfangsmikið verkefni á biskupsstofu. Þau lúta að hinum vígðu þjónum kirkjunnar, starfsfólki á biskupsstofu og starfsmönnum kirkjulegra stofnana.

3. Fjármálasvið

Meginverkefni fjármálasviðs biskupsstofu er að annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar.

4. Upplýsingamál

Biskupsstofa annast um skráningu, varðveislu og miðlun skjala embættisins, jafnt skriflegra sem rafrænna og skilgreinir hver ábyrgist úrlausn mála og aðsendra erinda. Biskupsstofa sinnir almennri miðlun upplýsinga um starf þjóðkirkjunnar, verkefni og skipulag.

5. Upplýsingatæknimál

Biskupsstofa sér til þess að rekið sé tölvu- og upplýsingakerfi á biskupsstofu og veitir vígðum þjónum og öðrum starfsmönnum sínum aðgang að tölvupóstþjónustu undir netfanginu biskup.is og kirkjan.is. Biskupsstofa heldur úti vefjunum biskup.is og tru.is.

6. Kirkjuþing og kirkjuráð

Kirkjuþing og kirkjuráð hafa aðsetur á biskupsstofu og gera samkomulag um þjónustu biskupsstofu.

7. Þjónusta við aðrar kirkjulega aðila

Biskupsstofa annast um bókhald, greiðslu- og launaumsýslu Tónskóla þjóðkirkjunnar, Skálholts og Löngumýrar svo og um greiðslu þóknana til nefnda, ráða og starfshópa á vegum þjóðkirkjunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um stöðu biskupsstofu í stjórnkerfi kirkjunnar, hún sé embættisskrifstofa Biskups Íslands og biskup forstöðumaður hennar. Um starfsemi fari eftir gildandi ákvæðum laga og starfsreglna á sviði kirkjumála og laga um starfsemi opinberra stofnana hverju sinni. Með þessu er átt við að um stofnunina gilda öll þau almennu lög sem taka til starfsemi ríkisstofnana, þ.e. sem varða skyldur þeirra, fjárreiður, málsmeðferð og eftirlit. Um starfsemi hennar gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993 og upplýsingalög nr. 140/2012, Ríkisendurskoðun endurskoðar fjárreiður stofnunarinnar, Umboðsmaður Alþingis hefur sömuleiðis eftirlit með henni og lög um opinber innkaup nr. 84/2007 gilda um biskupsstofu.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um lögformlega stöðu biskups Íslands á biskupsstofu. Biskup Íslands er forstöðumaður stofnunarinnar m.a. í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og ber ábyrgð á því að starfað sé í samræmi við lög og reglur. Biskupinn hefur

almennar og hefðbundnar heimildir forstöðumanns gagnvart öllum starfsmönnum stofnunarinnar, svo sem ráðningarvald, agavald og vald til að segja starfsmönnum upp eða leysa þá á annan hátt frá störfum innan ramma laga.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð á framkvæmd verkefna biskupsstofu. Almennt er út frá því gengið að ekki skipti máli hvort lög mæli beinlínis fyrir um að forstöðumaður skuli annast tiltekið verkefni eða stofnun hans. Slíkar valdheimildir tilheyra forstöðumanni sjálfum þótt starfsfólk framkvæmi iðulega þau stjórnábyrgð verkefni sem um ræðir í hans umboði. Biskup ber ábyrgð á framkvæmd verkefna biskupsstofu hvort sem hann getur framselt þau til vígslubiskupa, undirmanna sinna til umsýslu eða þarf lögum samkvæmt að annast þau sjálfur.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um staðsetningu biskupsstofu og lagt til að hún skuli staðsett í Reykjavík. Kirkjuþing og kirkjuráð, þ.m.t. fasteignasvið geti einnig haft þar aðsetur. Eðlilegt þykir og hagkvæmt að kirkjuþing og kirkjuráð hafi starfsaðstöðu á biskupsstofu og njóti þeirrar þjónustu sem þar er að fá. Áhersla er lögð á að gera skuli skriflega samninga um þá þjónustu sem biskupsstofa veitir kirkjuþingi og kirkjuráði svo og öðrum kirkjulegum stofnunum ef um það er að ræða.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um verkefni biskupsþjónustunnar sem eru skilgreind í meginatriðum í settum lögum, starfsreglum og stefnumörkun kirkjuþings og ályktunum.

Auk þess tekur biskup sem forstöðumaður stofnunarinnar ákvarðanir um einstök mál og verkefni sem undir biskupsþjónustuna heyra. Biskupsstofa annast verkefni biskupsþjónustunnar en þau eru á sviði fræðslumála, kærleiksþjónustu, guðfræði- og þjóðmála, kirkjutónlistar og helgihalds, upplýsingamála og samkirkjutengsla.

Um 6. gr.

Biskupsstofa gegnir margháttuðu hlutverki við stjórnun og reikningshald kirkjunnar, og veitir sóknum, sjóðum og stofnunum kirkjunnar ýmsa þjónustu, annast vörslu og reikningshald sjóða og annarra eigna þjóðkirkjunnar.

Í lögum nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð og lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. kemur fram að reikningshald sjóðanna skuli vera í höndum biskupsstofu. Einnig kveða skipulagsskrár hinna ýmsu sjóða um slíkt hið sama.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Biskupsstofa skipuleggur og hefur umsýslu með starfsþjálfun guðfræðikandídata og djáknanema og hefur samstarf um það við Háskóla Íslands eða aðra viðurkennda háskóla eða guðfræðiskóla.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Álitsgerð lögfræðinganna Eiríks Tómassonar, hæstaréttardómara og Þorgeirs Örlygssonar

hæstaréttardómara frá 1999 sjá <http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/adrar-heimildir/alitsgerd/>

2. Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 sjá

<http://kirkjuthing.is/kerfi//skraarsofn/kirkjuthing/2014/02/Alitsgerd-um-valdsmork-biskups-Islands-og-kirkjurads-12.2.2016.pdf>

